Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum varðandi vinnslutillögurnar. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast í gegnum Skipulagsgáttina www.skipulagsgatt.is í síðasta lagi 14. ágúst 2024. Einnig er hægt að skila inn umsögnum til skipulagsfulltrúa í afgreiðslu Ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is.

Umsagnir um skipulagsmál sveitarfélagsins teljast til opinberra gagna. Vakin er athygli á því að nöfn og umsagnir koma fram í fundargerðum Skipulagsnefndar og eru aðgengileg opinberlega á Skipulagsgáttinni. Persónuupplýsingar eru aðeins nýttar í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna sendanda.

Skipulagsfulltrúi Skagafjarðar.

(2024012980

Útgáfud.: 28. júní 2024

Auglýsing um skipulag - Skagafjörður

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 28. fundi sínum þann 19. júní 2024 að auglýsa eftirtaldar tvær skipulagslýsingar: Sauðárkrókur, athafnarsvæði AT-403 og Tumabrekka land 2, Skagafirði.

Sauðárkrókur, athafnarsvæði AT-403 (málsnúmer 808/2024).

Skipulagslýsingin er sett fram á uppdraetti með greinargerð nr. SL01 dags. 4. júní 2024 unnin af Stoð ehf. verkfræðistofu. Eftirspurn eftir lóðum á athafnasvæðum hefur aukist til muna á Sauðárkróki síðustu árin og hefur framboð á lausum athafnalóðum minnkað samhliða. Vorið 2024 voru þrjú hús á athafnasvæði í byggingu og áform eru um uppbyggingu á fleiri lóðum sem eru óbyggðar en hefur verið úthlutað. Skagafjörður hyggst bregðast við þessari þróun með því að skipuleggja lóðir á þeim hluta athafnasvæðis nr. AT-403, sem lóðir hafa ekki verið stofnaðar á. Afmörkunin fylgir mörkum athafnasvæðis AT-403 að vestan-, sunnan- og austanverðu. Að norðanverðu afmarkast svæðið að mestu leyti af núverandi byggð en einnig mörkum AT-403, austan Sauðárkróksbrautar (75). Skipulagssvæðið er um 21,7 ha að stærð. Skilmálar eins og nýtingarhlutfall, eða hámarksbyggingarmagn lóða, hámarksbyggingarhæð o.fl. verða ákvarðaðir þegar helstu stærðir og forsendur liggja fyrir. Skipulagsnefnd leggur áherslu á að reynt sé að flýta verkefninu eins og kostur er þar sem vöntun sé orðin á lóðum fyrir athafnarstarfsemi á Sauðárkróki.

Tumabrekka land 2, Skagafirði (málsnúmer 806/2024).

Skipulagslýsingin er sett fram á uppdrætti með greinargerð nr. SL01 dags. 27. maí 2024 unnin af Stoð ehf. verkfræðistofu. Skipulagssvæðið afmarkast af landamerkjum Tumabrekku land 2 sem er 1,56 ha að stærð. Núverandi aðkoma að svæðinu er um heimreiðarveg í landi Tumabrekku L146597, frá Siglufjarðarvegi. Gerð er grein fyrir nýrri vegtengingu í skipulagslýsingunni. Ekkert ræktað land og engar byggingar eru innan skipulagssvæðisins. Viðfangsefnið er að gera grein fyrir fyrirhugaðri uppbyggingu innan Tumabrekku 2 land. Þar sem gerð er grein fyrir byggingarreitum fyrir íbúðarhús og vélageymslu. Skilmálar og nýtingarhlutföll verða ákvörðuð í deiliskipulagstillögunni, þegar helstu stærðir mannvirkja og lóða liggja fyrir.

Skipulagslýsingarnar eru auglýstar frá 26. júní til og með 14. ágúst 2024. Hægt er að skoða skipulagslýsingarnar í Skipulagsgátt Skipulagssstofnunar á www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi málsnúmerum. Skipulagslýsingarnar munu jafnframt liggja frammi til kynningar í Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma frá kl. 10.00-12.00 og kl. 12.30-15.00. Einnig er hægt að nálgast gögnin á heimasíðu Skagafjarðar www.skagafjordur.is.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum varðandi skipulagslýsingarnar. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast í gegnum Skipulagsgáttina www.skipulagsgatt.is í síðasta lagi 14. ágúst 2024. Einnig er hægt að skila inn umsögnum til skipulagsfulltrúa í afgreiðslu Ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is.

Umsagnir um skipulagsmál sveitarfélagsins teljast til opinberra gagna. Vakin er athygli á því að nöfn og umsagnir koma fram í fundargerðum Skipulagsnefndar og eru aðgengileg opinberlega á Skipulagsgáttinni. Persónuupplýsingar eru aðeins nýttar í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna sendanda.

Skipulagsfulltrúi Skagafjarðar.

(2024012986

Útgáfud.: 28. júní 2024

Auglýsing um skipulag - Vestmannaeyjar

Tillaga að breyttu aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 – nýjir háspennustrengir Vestmannaeyjalínur 4 og 5. Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti þann 13. júní 2024 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og umhverfismat áætlana, vegna lagningu tveggja nýrra háspennustrengja til Vestmannaeyja, sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan gerir ráð fyrir að tveir nýir 66 kV sæstrengir, Vestmannaeyjalínur 4 og 5 (VM4 og VM5) komi í land í gjábackkafjöru austan við þann stað þar sem Vestmannaeyjalína 3 (VM3) kemur nú í land. Eftir landtöku er gert ráð fyrir að strengirnir verði leiddir norður upp gil sem liggur í Gjábakkafjöru og áfram að Skansvegi.

Skansvegur verður þveraður og strengirnir þaðan leiddir í gegnum hraun að mestu um göngustíga sem eru þar fyrir. Því yfirborði sem verður raskað á þeim hluta leiðarinnar er að mestu þakið lúpínu sem er talið rýra verndargildi yfirborðs hraunsins. Strengjaleiðirnar verða nýttar til að búa til nýjar gönguleiðir.

Þó nokkrar leiðir að landi og að spennistöð voru skoðaðar og má sjá í skipulags gögnum). Þótti leiðin sem lýst er að ofan fela í sér mest rekraröryggi og minnst umhverfisrask, en leið sem gert var ráð fyrir í tillögu á vinnslustigi reyndist ekki fýsileg vegna strengja sem fyrir eru.

Umhverfisáhrif sem hljóta af framkvæmd skipulagsins eiga að mestu við um rask á yfirborði lands sem er að hluta til ósnert hraun. Sérstakir skilmálar hafa verið skilgreindir varðandi umgengni við framkvæmdir og endurnýjun umhverfis að þeim loknum.

Skipulagsgögn eru aðgengileg á skipulagsvefsjá á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar, í afgreiðslu í Ráðhúsi Vestmannaeyja og á skipulagsgátt Skipulagssstofnunar.

Tillagan er auglýst á tímabilinu 28. júní - 9. ágúst 2024. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skulu berast skriflega til og með 9. ágúst 2024 á netfangið dagny@vestmannaeyjar.is, í afgreiðslu Ráðhúss Vestmannaeyja eða í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Vestmannaeyjabær.

(2024012995

Útgáfud.: 2. júlí 2024

Auglýsing um framkvæmdaleyfi - Kópavogur

Brú yfir Fossvog.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 11. júní 2024 var veiting framkvæmdaleyfis samþykkt með tilvísun í 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða framkvæmdaleyfi fyrir landfyllingu og brúargerð vegna brúar yfir Fossvog. Framkvæmdin er í samræmi við svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag brúarinnar. Framkvæmdatími er áætlaður þrjú ár en reiknað er með að vinna við gerð landfyllingar hefjist sumarið 2024 og að endanleg verklok verði árið 2027.

Í framkvæmdaleyfinu koma fram þau gögn sem framkvæmdaleyfið byggir á sem og skilyrði og skilmálar leyfisveitanda.

Öll gögn vegna framkvæmdaleyfisins, greinargerð Kópavogsbæjar og hönnunargögn eru aðgengileg á vefsíðu Kópavogsbæjar <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>.

Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála á grundvelli 52. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður, til og með 4. ágúst 2024. Vakin er athygli á því að þeir einir geta kært ákvörðunina sem eiga lögvarða hagsmuni tengda henni.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.

(2024013113

Útgáfud.: 3. júlí 2024

Auglýsing um skipulag - Akureyri

Svæði milli Naustahverfis og Hagahverfis - Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 21. maí 2024 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin tekur til svæðisins milli Naustahverfis og Hagahverfis sem afmarkast af Naustagötu í norðri, Naustabraut í austri, Davíðshaga í suðri og Kjarnagötu í vestri.

Breytingin tekur til reita sem merktir eru VP13, S24 og OP10 í gildandi aðalskipulagi. Breytingin er m.a. til komin vegna áforma um að byggja leikskóla á svæðinu en þó hefur staðsetning leikskólans breyst innan svæðisins frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi. Þá er gert ráð fyrir að breyta hluta af opnu svæði í íbúðarsvæði og/eða verslunar og þjónustusvæði. Einnig er mögulegt að um verði að ræða blanda byggð með þessari landnotkun.

Tillöguuppdrátt ásamt greinargerð má nálgast hjá þjónustu- og skipulagssviði í Ráðhúsi Akureyrar frá 3. júlí - 15. ágúst 2024. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu bæjarins á sama tíma: www.akureyri.is – neðst á forsiðu undir: Auglýstar skipulagstillögur.

Frestur til að skila inn athugasemdum er veittur til 15. ágúst 2024.

Ofangreindar tillögur má nálgast hjá þjónustu- og skipulagssviði í Ráðhúsi Akureyrarbæjar, á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is - neðst á forsiðu undir: Auglýstar skipulagstillögur og á Skipulagsgátt: skipulagsgatt.is.

3. júlí 2024.

Skipulagsfulltrúi.

(2024013122

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **MAG GALDUR ehf.***Kt.:* 540624-0460.*Heimili og varnarþing:* **Hrafnhólum 4, 111 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 10. júní 2024.*Stofnendur:* Anna Gromadzka, kt. 160793-4229, Hrafnhólum 4, 111 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 10. júní 2024.*Stjórnarmaður:* Anna Gromadzka. *Varastjórn:* Michal Piotr Gromadzki, kt. 010992-3979, Hrafnhólum 4, 111 Reykjavík.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Anna Gromadzka.*Prókúruumboð:* Anna Gromadzka.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Marlena Anna Frydrysiak, kt. 110377-2669, Tröllakór 7, 203 Kópavogur.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta. Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta. Önnur bókunarþjónusta og önnur starfsemi tengd ferðaþjónustu, Almenn þrif bygginga, rekstur leigubíla..*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024012628

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Richard ehf.***Kt.:* 530624-1290.*Heimili og varnarþing:* **Laxatungu 7, 270 Mosfellsbær.***Dagsetning samþykktar er:* 26. apríl 2024.*Stofnendur:* Kjartan Sverrisson, kt. 050178-5449, Laxatungu 7, 270 Mosfellsbær.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 26. apríl 2024.*Formaður stjórnar:* Kjartan Sverrisson. *Meðstjórnandi:* Berglind J. Richardsdóttir, kt. 091079-4299, Laxatungu 7, 270 Mosfellsbær.*Firmað ritar:* Tveir stjórnarmenn saman.*Prókúruumboð:* Kjartan Sverrisson, Berglind J. Richardsdóttir.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Árni Þór Hlynsson, kt. 140476-5799, Úlfarsbraut 90, 113 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 79.739.200 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er eignarhald á félögum, kaup og sala, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annað sem tengist megintilgangi félagsins.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Nei.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024012634

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir: SN verk ehf.**Kt.: 510624-1060.**Heimili og varnarþing: Stigahlið 24, 105 Reykjavík.**Dagsetning samþykktar er: 7. júní 2024.**Stofnendur: Steponas Navardauskas, kt. 051073-2239, Stigahlið 24, 105 Reykjavík.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 7. júní 2024.**Stjórnarmaður: Steponas Navardauskas. Varastjórn: Gintautas Rudokas, kt. 200973-2679, Stífluseli 16, 109 Reykjavík.**Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.**Framkvæmdastjórn: Steponas Navardauskas.**Prókúruumboð: Steponas Navardauskas.**Skoðunarmaður/endurskoðandi: Alexander Angelo Tonini, kt. 180484-2139, Logafold 163, 112 Reykjavík.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Tilgangur félagsins er almenn verktakavinna við húsbyggingar, almennt viðhald, uppsetning innréttinga og annar skyldur rekstur.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024012636)

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir: 2PS ehf.**Kt.: 500624-0510.**Heimili og varnarþing: Skipholti 21, 105 Reykjavík.**Dagsetning samþykktar er: 4. júní 2024.**Stofnendur: Paulius Simanavicius, kt. 080989-4589, Hjallaseli 7, 109 Reykjavík.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 4. júní 2024.**Stjórnarmaður: Paulius Simanavicius. Varastjórn: Phuong Do Harrison, kt. 111188-4679, Hjallaseli 7, 109 Reykjavík.**Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.**Framkvæmdastjórn: Paulius Simanavicius.**Prókúruumboð: Paulius Simanavicius.**Skoðunarmaður/endurskoðandi: Kundan Raj Mishra, kt. 041273-2329, Eyjabakka 28, 109 Reykjavík.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Tilgangur félags er smásala á snyrtivörum og sápum í sérsverslunum með aukastarfsemi blönduð heildverslun.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024012637)

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir: Kosm ehf.*

Kt.: 500624-0940.

Heimili og varnarþing: **Lágmúla 5, 108 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 1. júní 2024.

Stofnendur: Andreas Ö. M. Aðalsteinsson, kt. 301189-2309, Lyngási 1f, 210 Garðabær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 1. júní 2024.

Stjórnarmaður: Andreas Ö. M. Aðalsteinsson. Varastjórn: Eiríkur Aðalsteinsson, kt. 261171-3929, Ótilgreindu, 200 Kópavogur.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Andreas Ö. M. Aðalsteinsson.

Prókúruumboð: Andreas Ö. M. Aðalsteinsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Hlynur Hreinsson, kt. 040169-4829, Skógarhæð 1, 210 Garðabær.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er ráðgjafastarfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024012638

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Sentio ehf.**

Kt.: 500624-1080.

Heimili og varnarþing: **Fellsmúla 15, 108 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 4. júní 2024.

Stofnendur: Jeremi Zyrek, kt. 311299-2399, Fellsmúla 15, 108 Reykjavík, Óskar Axel Óskarsson, kt. 240691-2059, Gnoðarvogi 32, 104 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 4. júní 2024.

Formaður stjórnar: Óskar Axel Óskarsson. Meðstjórnandi: Jeremi Zyrek.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Jeremi Zyrek.

Prókúruumboð: Jeremi Zyrek, Óskar Axel Óskarsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Jakob Hafþór Björnsson, kt. 230679-4019, Drekaöllum 53, 221 Hafnarfjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er framleiðsla á auglýsingaefni og þjónusta við hönnun og upplýsingamiðlun, sem og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur og þátttaka í öðrum rekstri sem stjórn félagsins ákveður.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024012639

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Gala wines ehf.**

Kt.: 530624-1530.

Heimili og varnarþing: **Eskiási 2D, 210 Garðabær.**

Dagsetning samþykktar er: 4. júní 2024.

Stofnendur: Luigi Árelíus Gala, kt. 231189-2469, Eskiási 2D, 210 Garðabær, Fagraðgjöf ehf., kt. 631019-0480, Kársnesbraut 21c, 200 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 4. júní 2024.

Stjórnarmaður: Sigríður Örlygsdóttir, kt. 070563-5419, Kársnesbraut 21C, 200 Kópavogur. Varastjórn: Árný Daníelsdóttir, kt. 190590-3999, Eskiási 2D, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Luigi Árelíus Gala.

Prókúruumboð: Luigi Árelíus Gala, Sigríður Örlygsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Daniel Þorsteinsson, kt. 211058-7149, Kársnesbraut 21C, 200 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Heildsala með matvörur, drykkjarvöru og tóbak.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024012640

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: BB Múrvörur ehf.

Kt.: 510624-0170.

Heimili og varnarþing: Desjamýri 11, 270 Mosfellsbær.

Dagsetning samþykktar er: 10. maí 2024.

Stofnendur: Múrkompaníið ehf., kt. 470610-1310, Desjamýri 11K, 270 Mosfellsbær, Björn Ragnar Björnsson, kt. 150683-3009, Eikarási 1, 210 Garðabær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 10. maí 2024.

Formaður stjórnar: Birgir Magnús Björnsson, kt. 260286-2349, Bæjarási 3, 270 Mosfellsbær. Meðstjórnandi: Loftur Birgisson, kt. 251187-2589, Friggjarbrunni 16, 113 Reykjavík. Varastjórn: Björn Ragnar Björnsson.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Björn Ragnar Björnsson.

Prókúruumboð: Birgir Magnús Björnsson, Björn Ragnar Björnsson, Loftur Birgisson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Jóhannes Ragnar Jóhannesson, kt. 251274-5849, Tröllakór 16, 203 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Innflutningur, heild- og smásala, kaup, sala, leiga fasteigna og viðskipti með hlutabréf og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti og skyldan rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024012641

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Draupnir Capital ehf.

Kt.: 510624-1220.

Heimili og varnarþing: Örvasölum 7, 201 Kópavogur.

Dagsetning samþykktar er: 5. júní 2024.

Stofnendur: Þorsteinn Björn Guðmundsson, kt. 050701-2710, Örvasölum 7, 201 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 5. júní 2024.

Stjórnarmaður: Þorsteinn Björn Guðmundsson. Varastjórn: Hólmfríður B. Þorsteinsdóttir, kt. 310773-5229, Örvasölum 7, 201 Kópavogur.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Þorsteinn Björn Guðmundsson.

Prókúruumboð: Þorsteinn Björn Guðmundsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Lúðvík Þráinsson, kt. 311073-3549, Vesturvangi 11, 220 Hafnarfjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er fjárfestingar, kaup og sala fasteigna, útleiga og rekstur þeirra, verðbréfavíðskipti, innflutningur og útflutningur, kaup og sala eigna, lánastarfsemi og önnur skyld starfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024012642

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **RÓBI ehf.**

Kt.: 530624-2260.

Heimili og varnarþing: **Vinastræti 8, 210 Garðabær.**

Dagsetning samþykktar er: 3. júní 2024.

Stofnendur: Erling Ómar Erlingsson, kt. 060161-5779, Mánasundi 8, 240 Grindavík, Reynir Viðar Ingason, kt. 090990-3499, Vinastræti 8, 210 Garðabær, Ingi Torfi Sigurðsson, kt. 140364-4879, Smáraríma 53, 112 Reykjavík, Brynjólfur V. Sigurðsson, kt. 300865-3999, Svíþjóð.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 3. júní 2024.

Formaður stjórnar: Ingi Torfi Sigurðsson. Meðstjórndandi: Brynjólfur V. Sigurðsson. Varastjórn: Erling Ómar Erlingsson.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Reynir Viðar Ingason.

Prókúruumboð: Reynir Viðar Ingason.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Helgi Marinó Magnússon, kt. 070852-3819, Sólheimum 23, 104 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Viðskipti með skip og tengdar vörur. Útleiga og rekstur tengdum skipum. Viðskipti með fasteignir.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024012643

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Spaðaferðir ehf.**

Kt.: 530624-2180.

Heimili og varnarþing: **Dalsmára 13, 201 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er: 11. júní 2024.

Stofnendur: Tennisfélagið ehf, kt. 480306-0660, Dalsmára 13, 201 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 11. júní 2024.

Stjórnarmaður: Jónas Páll Björnsson, kt. 180872-5159, Bakkahjalla 15, 200 Kópavogur. Varastjórn: Bryndís Björnsdóttir, kt. 170278-5509, Heiðarseli 13, 109 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Jónas Páll Björnsson.

Prókúruumboð: Jónas Páll Björnsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Ómar Davíðsson, kt. 100571-4209, Fákahvarfi 10, 203 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Skipuleggja spaðaferðir (Tennis, Padel og Pickleball) til og frá Íslandi og síðar hugsanlega fjölbreyttari ferðir.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024012644

Útgáfud.: 28. júní 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,

kt. 710169-0989,

Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur eftirfarandi aðilum: Friðfinnur Magnússon, kt. 081073-4309, Ótilgreint, Reykjavík og Anita Friðfinnsdóttir, kt. 230299-3079, Bárufell 2, 603 Akureyri.

I. Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 996.179, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 996.179 frá 7. ágúst 2021 til greiðsludags. Kröfunúmer 1029-230001.

Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu, að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

II. Málflutningsumboð og fyrirvar: Undirrituð Hildur Þórarinsdóttir lögmaður, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

III. Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda í máli þessu er til komin vegna námsláns stefnda Friðfinns sem hann fékk greitt út á árinu 2021. Í samræmi við lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna gaf stefndi Friðfinnur af því tilefni út skuldabréf þar sem hann undirritaði skilmála lánsins. Samkvæmt skýru orðalagi skuldabréfsins, sbr. dskj. 3, er fyrirkomulagið n.t.t. eftirfarandi. Skuldabréf er gefið út gegn hverri úthlutun námsláns og er eldra skuldabréf sameinað hinu nýja og upphæð heildarskuldar námsmanns tiltekin á skuldabréfinu að meðtöldum áföllnum verðbótum. Við útgáfu á nýju skuldabréfi fellur eldra skuldabréf úr gildi. Endurgreiðsla námslánsins fer fram á grundvelli síðasta skuldabréfsins sem námsmaður gefur út. Hver úthlutunarfjárhæð breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs, á námstímanum, frá grunnvísitölustigi því sem í gildi er á úthlutunardegi fram til þess stigs sem í gildi er við námslok en námslok voru í þessu tilviki þann 1. febrúar 2021. Síðasta skuldabréf nr. H-014654 í máli þessu var útgefið af stefnda Friðfinni með rafrænni undirritun þann 29. janúar 2021 að fjárhæð 974.003 krónur m.v. neysluvísitölu 489,3 stig og er það skuldabréfi því grundvöllur þessa máls. Fjárhæð skuldabréfsins er færð inn í kerfi stefnanda uppreiknuð að fjárhæð krónur 975.994 miðað við neysluvísitölu við námslok, 490,3 stig. Með undirritun sinni hefur stefndi Friðfinnur skuldbundið sig til að endurgreiða stefnanda skuldina samkvæmt skilmálum skuldabréfsins, lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna, og úthlutunarreglur stefnanda.

Stefnda Anita tók á hendur sér sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á sérstaka yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð þann 13. október 2020 fyrir fjárhæð allt að 5.000.000 krónur miðað við grunnvísitölu 477,5 stig. Þá tekur ábyrgðin til greiðslu vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar ef vanskil verða.

Lánið er verðtryggt jafngreiðslulán og ber breytilega vexti að viðbættu föstu vaxtaálagi sem er ákveðið til eins árs í senn og birt í úthlutunarreglum stefnanda hvers árs, en er þó aldrei herra en 4%. Vextir reiknast frá námslokum. Sama fjárhæð er til greiðslu á hverjum gjalddaga en samsetning gjalddagafjárhæðar breytist hins

vegar á endurgreiðslutímanum þegar horft er til hluta vaxta og höfuðstóls. Verðbætur reiknast á hverja útreiknaða gjalddagafjárhæð frá grunnvísitölustigi sem í gildi er við námslok til þess vísitölustigs sem í gildi er á gjalddaga.

Um svokallaðar samtímagreiðslur er að ræða, n.t.t. sem eru fyrirframgreidd námslán og eru greidd út mánaðarlega en umsækjendur geta valið milli samtímagreiðslna eða að fá greidd námslánin eftir að önninni lýkur og námsferill liggur fyrir sbr. lánareglur stefnanda. Ef samtímagreiðslur eru valdar þarf lántaki að skrifa undir rafrænt skuldabréf vegna hverrar greiðslu. Á sama tíma og skrifað er undir er lántaki einnig að staðfesta að hann stundi það nám sem hann sækir um ásamt þeim einingafjölda sem hann sækir um.

Námslán eru bundin skilyrði um námsárangur, sbr. 13. gr. laga nr. 60/2020. Komi í ljós að námsárangur sé ófullnægjandi, eru forsendur veitingar námslánsins brostnar og ber námsmanni þá að endurgreiða lánið með verðbótum frá útborgunardegi.

Á árinu 2020 fékk stefndi Friðfinnur afgreitt námslán að fjárhæð krónur 969.625 sem síðar kom í ljós að hann átti ekki rétt á þar sem hann uppfyllti ekki tilskilinn námsárangur sem lá til grundvallar veitingu lánsins samkvæmt framansögðu, sbr. einnig lánareglur stefnanda. Á þeim grunni var stefnanda heimilt að krefja stefnda Friðfinn um endurgreiðslu lánsins. Samkvæmt útreikningi stefnanda nam fjárhæð ofgreiðslunnar 996.179 krónum m.v. námslokadag 1. febrúar 2021 og var stefnda ákvörðuð aukaafborgun með gjalddaga 7. ágúst 2021, samtals að fjárhæð 996.179 krónur. Fjárhæð ofgreiðslugjalddagans er uppreiknuð miðað við neysluvísitölu skuldabréfsins 489,3 sem er neysluvísitala janúar mánaðar árið 2021 þegar skuldabréfið er útgefið og neysluvísitölu 502,7 sem er neysluvísitala ágúst mánaðar árið 2021.

Stefndi Friðfinnur stóð ekki skil á greiðslu auka afborgunarinnar á gjalddaga hennar þann 7. ágúst 2021 og er málshöfðun því óhjákvæmileg.

Dómkrafan á hendur aðalskuldara með dráttarvöxtum á þingfestingardegi er 1.463.142 krónur. Stefnda Aníta tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 5.000.000 krónur og er fjárhæðin bundin vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu 477,5 stig. Stefnda Aníta tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir samtals allt að 5.263.874 krónur uppreiknað miðað við vísitölu neysluverðs í ágúst 2021, 502,7 stig. Stefndu Anítu er því stefnt til greiðslu skuldarinnar í heild sinni óskipt með aðalskuldara lánsins, stefnda Friðfinni.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 hvað varðar stefnda Friðfinn en hann er skráður með ótilgreint heimilisfang í Þjóðskrá Íslands. Heimilisfang stefnda Friðfinns hefur ekki fundist þrátt fyrir eftirgrennslna og á stefnandi því ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

IV. Lagatílvísanir: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefna reglugerða og lánareglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en málið er rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

V. Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Skuldabréf nr. H-014654 dags. 29. janúar 2021.
4. Yfirlýsing um sjálfskuldarábyrgð dags. 13. október 2020.
5. Lánsáætlun dags. 14. júní 2021.
6. Yfirlit yfir oflán.
7. Yfirlit yfir oflán og upplýsingar um námslok.

8. Tilkytning til stefnda Friðfinns um oflán.
9. Lokaaðvörun fyrir löginnheimtu vegna stefnda Friðfinns.
10. Lokaaðvörun fyrir löginnheimtu vegna stefndu Anítu.
11. Staða við þingfestingu.

VI. Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefndu tilefni til.

VII. Áskorun og viðvörun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 12. september 2024, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins er von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnufrestur er einn mánuður vegna stefnda Friðfinns. Stefnufrestur er ein vika vegna stefndu Anítu.

Reykjavík, 18. júní 2024.
F. h. Hildar Þórarinsdóttur lögmanns,
Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2024012982

Útgáfud.: 1. júlí 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Samer & Co. Shipping, kt. E00000-0325, 34121 Trieste, Ítalíu.

Fyrirsvarsmaður: Enrico Samer, framkvæmdastjóri.

Stefndi: Rizzani de Eccher Ísland ehf., kt. 551217-1160, Höfðabakka 9, Reykjavík.

Fyrirsvarsmaður: Giancarlo Sam kt. 171268-2739. Stjórnarformaður. Með óþekkt lögheimili.

Málflutningsumboð: Pétur Már Jónsson lögmaður rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð EUR 312.765, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 sbr. III. kafla. af EUR 19.747 frá 11. október 2022 til 31. október 2022, af EUR 64.116 frá 31. október 2022 til 23. nóvember 2022, af EUR 67.400 frá 23. nóvember 2022 til 30. nóvember 2022, af EUR 171.667 frá 30. nóvember 2022 til 16. desember 2022, af EUR 203.180 frá 16. desember 2022 til 21. desember 2022, af EUR 207.273 frá 21. desember 2022 til 31. desember 2022, af EUR 237.573 frá 31. desember 2022 til 31. janúar 2023, af EUR 263.492 frá 31. janúar 2023 til 2. febrúar 2023, af EUR 337.124 frá 2. febrúar 2023 til 7. febrúar 2023, af EUR 300.308 frá 7. febrúar 2023 til 14. febrúar 2023, af EUR 312.078 frá 14. febrúar 2023 til 21. mars 2023, af EUR 312.765 frá 21. mars 2023 til greiðsludags. Kröfunúmer 9189-009009.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins auk virðisaukaskatts, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi málsins er alþjóðlegt flutningsfyrirtæki á markaði með sjóflutninga. Stefnandi er verktaka og byggingarstarfsemi.

Vegna starfsemi sinnar á Íslandi óskaði stefndi eftir flutningi á ýmsum varningi erlendis frá og flutti með stefnanda á tímabilinu október 2022 - mars 2023. Vísast nánar til fylgiskjal með stefnu þessari um þann varning sem fluttur var.

Vegna þjónustu stefnanda við stefnda gaf hann út reikninga svo sem sundurliðað er í dómkröfu málsins og fylgiskjöl bera með sér.

Stefndi hefur ekki greitt útgefna reikninga fyrir þá þjónustu sem stefnandi veitti, né mótmælt réttmæti þeirra.

Innheimtutilraunir hafa engan árangur borið og er stefnanda því nauðsyn að höfða mál þetta til greiðslu skuldarinnar.

Um dráttarvaxtakröfu málsins á erlenda mynt vísast til reglna laga 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár hefur fyrirsvarsmaður stefnda aldrei verið búsettur á Íslandi og er þar með, með óþekkt heimilisfang og búsetuland. Því verður ekki komið að stefnubirtingu á grundvelli Haag samningsins, sbr. 1. gr. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagarök: Vísað er til meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og efndir fjárskuldbindinga en reglur þessar fá stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð umboð og ógilda löggerninga og lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Þá er vísað til laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar.

Kröfu um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum, sbr. 6. gr. og 12. gr. laganna.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er bótakrafa hans og í samræmi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber því nauðsyn til að tekið verði tillit til skyldu hans til að greiða virðisaukaskatt við ákvörðun málskostnaðar sbr. ákvæði laga nr. 50/1988 þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni.

Varðandi varnarþing vísast til 33. gr. laga nr. 91/1991. Um stefnufrest vísast til 4. tl. 1. mgr. 91. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram stefnu þessa og skrá yfir framlögð skjöl.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til. Ennfremur áskilur stefnandi sér rétt til að leiða fyrir dóm aðila og önnur vitni.

Áskorun og viðvörðun: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum til að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, þann 12. september 2024, kl. 10.00, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreinda átt. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Útivist kann að valda dómtöku málsins.

Reykjavík, 25. júní 2024.

F.h. Kollektu ehf.,

Pétur Már Jónsson lögmaður.

(2024013109

Útgáfud.: 2. júlí 2024

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Pétur Kjartansson, kt. 151148-4179, fyrirsvarsmaður Hótel Húsavík ehf., kt. 630169-6239, að hann þurfi fyrir hönd Hótel Húsavík ehf., kt. 630169-6239 (stefnandi), að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi eftirfarandi veðskuldabréf: Veðskuldabréf útgefið þann 10. apríl 2014 af Vilhjálmí Péturssyni, kt. 191187-2539, að fjárhæð kr. 14.000.000.

Bréfið var til 15 ára og skyldi endurgreiða með 180 afborgunum á 1 mánaðar fresti í fyrsta sinn 10. október 2014. Bréfið skyldi bera 5,5% ársvexti með heimild til vaxtabreytinga eftir 5 ár og eftir 10 ár. Til tryggingar bréfinu var sett að veði íbúð í húsinu nr. 39 við Hringbraut í Reykjavík, fastanúmer: 202-7273, matshluti 03-03-02, ásamt öllu sem fylgir og fylgja ber skv. venju að engu undanskyldu þ.m.t. tilheyrandi lóðarréttindum. Bréfið var greitt upp að fullu 11. mars 2019.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveður málavextir vera þá að bréfið hafi verið í vörslu Íslandsbanka í innheimtu á láns tímanum. Bréfið sé nú að fullu greitt en frumrit þess hafi glatast og ekki fundist þrátt fyrir mikla leit.

Stefnandi þurfi að láta aflýsa bréfinu af hinni veðsettu eign. Þar sem slíkt er ekki hægt nema með áritun á frumrit bréfsins er stefnanda nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi til að unnt sé að aflýsa því af veðinu.

Lagarök: Stefnandi kveðst vísa til 120.-121.gr.laga nr.91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Stefnandi kveðst munu leggja fram eftirfarandi gögn við þingfestingu málsins:

1. Frumrit stefnu þessarar.
2. Ljósrit af veðskuldabréfi útg. 10. apríl 2014.
3. Yfirlýsing frá stefnanda um fullnaðargreiðslu bréfsins.
4. Veðbókarvottorð vegna íbúðar í húsinu nr. 39 við Hringbraut í Reykjavík, fastanúmer 202-7273, matshluti 03-03-02.
5. Skráningurvottorð stefnanda frá RSK.
6. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því er hér með skorað á hvern þann sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í Dómhúsinu við Lækjartorg þriðjudaginn 3. september 2024 kl. 10.00 í dómsal 102 er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins þar sem ella megi búast við að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu veðskuldabréfsins verði tekin til greina.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Reykjavík, 29. maí 2024.

Fyrir hönd Ingibjargar Þorsteinsdóttur dómstjóra,

Anna Sigurjónsdóttir aðstoðarmaður dómara.

(2024013110

Útgáfud.: 26. júní 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 25. júní 2024 í máli L-352/2024 var George Michael Vollmar, kt. 010859-3959 sviptur fjárræði í 5 ár.

Héraðsdómi Suðurlands, 25. júní 2024.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri.

(2024012947

Útgáfud.: 28. júní 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Suurlands uppkveðnum 26. júní 2024 í máli L-296/2024 var Inga Hanna Guðmundsdóttir, kt. 211252-3919 svipt fjárræði í 5 ár.

Héraðsdómi Suðurlands, 26. júní 2024.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri.

(2024012990

Útgáfud.: 28. júní 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 27. júní 2024 síðastliðinn í máli nr. L-1409/2024, var Ástríður Kristín Bjarnadóttir, kt. 280483-3629, svipt fjárræði tímabundið í eitt ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjaness, 28. júní 2024.

Ingi Tryggvason héraðsdómari.

(2024013009

Útgáfud.: 2. júlí 2024

Svipting lögræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 1. júlí 2024, í máli nr. L-3323/2024, var Höskuldur Imsland, kt. 230748-2769, sviptur lögræði tímabundið í tíu ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 1. júlí 2024.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari.

(2024013112

Útgáfud.: 2. júlí 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 1. júlí 2024, í máli nr. L-3786/2024, var Bryndís Þórðardóttir, kt. 121151-4649, svipt fjárræði tímabundið í fimm ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 1. júlí 2024.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari.

(2024013116

Útgáfud.: 2. júlí 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 1. júlí 2024, í máli nr. L-308/2024, var Guðlaugur Smári Nielsen, kt. 300451-3309, sviptur fjárræði tímabundið í fimm ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Suðurlands, 1. júlí 2024.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri.

(2024013117

Útgáfud.: 25. júní 2024

Veðhafafundur - Þb. Bílaleigu Reykjavíkur ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 23. maí sl. var bú Bílaleigu Reykjavíkur, kt. 550508-0600, Knarrarvogi 2, Reykjavík tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var Ólafur Eiríksson lögmaður skipaður skiptastjóri.

Með vísan til 129. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. er boðað til fundar með veðhöfum og öðrum þeim, sem kunna að telja til réttinda yfir fasteign þrotabúsins að Bogatröð 3, Reykjanesbæ, fnr. 233-2551. Verður fundurinn haldinn 2. júlí 2024, kl. 14.30 á skrifstofu skiptastjóra í búinu að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík.

Á fundinum verða kynntar tillögur skiptastjóra um ráðstöfun eignarinnar og leitað eftir samþykki rétthafa fyrir því, að henni verði ráðstafað með þeim áhrifum að réttindi, sem fullnusta fæst ekki á af söluverði eignarinnar, glati þeirri tryggingu sem þau kunna að njóta í henni.

Reykjavík, 21. júní 2024.
F.h. Ólafs Eiríkssonar lögmanns,
Bjarki Már Magnússon lögfræðingur.

(2024012654

Útgáfud.: 1. júlí 2024

Auglýsing um friðlýsingu æðarvarps í umdæmi Sýslumannsins á Vestfjörðum

Friðlýst æðarvarp í landi jarðarinnar Lækjar í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt beiðni og með vísan til 18. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskuð o.fl., er friðlýst æðarvarp í landi jarðarinnar Lækjar í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ, landnúmer L140969. Í beiðni um friðlýsingu er staðsetningu og mörkum varpsins lýst sem hér segir: „Æðarvarpið nær frá fjöru og upp með Núpsá, alveg upp að bæ. Flest hreiður eru nálægt fjöru og langt upp með ánni. Hreiður finnast einnig í næsta nágrenni við húsið.“

Friðlýsing æðarvarps gildir á tímabilinu 15. apríl til 14. júlí ár hvert. Friðlýsingin felur í sér að öll skot eru bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi, án leyfis varpeiganda, leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 metra frá stórstraumsfjörumáli. Jafnframt felur friðlýsingin í sér að innan friðlýstra svæða er öll óviðkomandi umferð og röskun bönnuð, svo og óþarfa hávaði af völdum manna og véla, nema með leyfi varpeiganda. Friðlýst æðarvörp skal auðkenna með áberandi hætti, þar sem því verður við komið. Í óbyggðum eyjum og hólum á þetta ekki við.

Friðlýsing þessi gildir í 10 ár frá birtingu auglýsingar þessarar í Lögbirtingablaðinu.

Loftmynd sem sýnir hið friðlýsta svæði og staðfest er af byggingarfulltrúa, má nálgast á vefnum island.is hér á þessari slóð: <https://island.is/fridlysing-aedarvarps/auglysingar-um-fridlysingu-aedarvarpa>.

Ísafirði, 24. júní 2024.
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum,
Jónas B. Guðmundsson sýslumaður.

(2024013094

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Víti hugbúnaður ehf.***Kt.:* 530624-1450.*Heimili og varnarþing:* **Bjargargötu 1, 102 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 7. júní 2024.*Stofnendur:* Pétur Sigurðsson, kt. 241083-5519, Hátúni 47, 105 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 7. júní 2024.*Stjórnarmaður:* Pétur Sigurðsson. *Varastjórn:* Herdís Sveinbjörnsdóttir, kt. 090391-3139, Hátúni 47, 105 Reykjavík.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Pétur Sigurðsson.*Prókúruumboð:* Pétur Sigurðsson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Birgir Karl Óskarsson, kt. 170780-5079, Meltröð 10, 200 Kópavogur.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er þróun, útgáfa og þjónusta við hugbúnað, fjárfestingar, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024012632)

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Sögusmiður ehf.***Kt.:* 500624-1160.*Heimili og varnarþing:* **Álmholti 1, 270 Mosfellsbær.***Dagsetning samþykktar er:* 2. júní 2024.*Stofnendur:* Eva Rún Þorgeirsdóttir, kt. 071178-4399, Álmholti 1, 270 Mosfellsbær.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 2. júní 2024.*Stjórnarmaður:* Eva Rún Þorgeirsdóttir. *Varastjórn:* Snæbjörn Sigurðsson, kt. 180375-3769, Álmholti 1, 270 Mosfellsbær.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Prókúruumboð:* Eva Rún Þorgeirsdóttir, Snæbjörn Sigurðsson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Hörður Sævar Erlingsson, kt. 110169-4509, Bleikjukvísl 18, 110 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Almenn fyrirtækjaráðgjöf, fundargerðir, skrif á samfélagsmiðlum og á bókum, rekstur hárgreiðslustofu,

kaup og sala á skyldum vörum og þjónustu, lánastarfsemi og rekstur fasteigna.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024012633)

Útgáfud.: 25. júní 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Expectus Ráðgjöf ehf.***Kt.:* 540624-1270.*Heimili og varnarþing:* **Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 22. maí 2024.*Stofnendur:* Expectus ehf., kt. 481208-0920, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, 100476-5849, Ægisíðu 44, 107 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 22. maí 2024.*Formaður stjórnar:* Ragnar Þórir Guðgeirsson, kt. 280765-5899, Naustavör 11, 200 Kópavogur. *Meðstjórnendur:* Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Reynir Ingi Árnason, kt. 160585-2349, Brúnási 12, 270 Mosfellsbær.*Firmað ritar:* Tveir stjórnarmenn saman.*Framkvæmdastjórn:* Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir.*Prókúruumboð:* Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Reynir Ingi Árnason.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 6.000.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er að reka þjónustu á sviði rekstrarráðgjafar, rannsóknar, eignaumsýsla og skyldur rekstur.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024012635)

Lögbirtingablað,

42. tölublað 2024.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.